



FLÓRGOÐINN

Enn af lóða- og húsnæðismálum

Bréf skólustjóra og formanns foreldrafélags til bæjaryfirvalda

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Bréf skólustjóra og formanns foreldrafélags til bæjaryfirvalda
- Könnun um líðan
- Jólhald í Áslandsskóla 2011
- Finnlandsferð—breyting á dagatali
- Snjókast
- Heilsdagsskóli
- Hugsað til þeirra sem minna mega sín

Bæjarráð Hafnarfjarðar

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, formaður

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, formaður

Hafnarfirði 15.11.2011

Efni: Húsnæðis- og lóðamál Áslandsskóla

Háttvirtu viðtakendur Skólafyrirvöld Áslandsskóla og Foreldrafélag Áslandsskóla hafa á undanföllum árum lagt fram margar fyrirspurnir og sent bæjaryfirvöldum nokkur bréf er varða húsnæðis- og lóðamál Áslandsskóla.

Í bréfum þessum höfum við lagt á borð bæjaryfirvalda skýringar og röksemdir fyrir því að nemendur í Áslandsskóla sitja ekki við sama borð og aðrir grunnskólanemendur í Hafnarfirði.

Skólasamfélagið í Áslandi er orðið langþeytt á úrræðaleysi bæjaryfirvalda hvað varðar framtíðaruppbyggingu skólahúsnæðis og lóðamála Áslandsskóla. Við förum fram á að bæjaryfirvöld afhendi okkur nákvæma kostnaðargreiningu með samanburði á þessum tveimur valkostum, það er

leigu á ípróttahúsi og kennslustofum af FM húsum annars vegar og núverandi fyrirkomulagi auk þriggja færanlegra kennslustofa hins vegar. Að okkar mati hefur heildarkostnaðurinn aldrei komið fram. Við bendum á að ekki er eingöngu hægt að horfa til beins útlags kostnaðar í þessu samhengi heldur þurfi að taka tillit til velferðar barna í skólanum og hagsmuna þeirra. Meta þarf kostnaðinn sem t.a.m. fylgir því að skóladagur nemenda í Áslandsskóla er lengri en annarra nemenda í Hafnarfirði og að núverandi húsnæði rúmar ekki lengur þann nemendafjölda sem nú þegar er í skólanum. Einnig leggjum við áherslu á að tryggja þarf nemendum jafnrétti til náms og sömu þjónustu og öðrum nemendum í Hafnarfirði stendur til boða.

Eins og fram kemur í minnisblaði vegna Áslandsskóla, með málnúmer 0704184 dagsettu 26.10.2010 þá ber á milli um 800 kr/fm/mán á milli Hafnarfjarðarbæjar og FM húsa varðandi leigu með búnaði vegna byggingar ípróttahúss með fjórum kennslustofum. Er það óvinnandi

múr að klífa að vinna að samkomulagi þessara tveggja aðila um leiguverð?

Það skal enn áréttað að enginn sparkvöllur er við Áslandsskóla, ólíkt öðrum grunnskólum í Hafnarfirði. Í svari bæjarstjóra dagsettu 24.09.2011 við bréfi og undirskriftarlista foreldra nemenda úr Áslandsskóla svarar hann því til að frá uppsetningu sparkvallar hafi verið horfið vegna fyrirhugaðrar byggingar ípróttahúss og skipulagi lóðar í tengslum við það. Hvenær standa nemendur í Áslandsskóla samhliða öðrum skólabörnum í Hafnarfirði og fá sparkvöll við skólann?

Skólasamfélagið í Áslandsskóla fer fram á að leitað verði lausna svo hægt sé að hefjast handa við byggingu ípróttahúss með fjórum kennslustofum við skólann á almanaksárinu 2012. Einnig að sparkvöllur verði settur upp við Áslandsskóla nú þegar, líkt og við aðra grunnskóla sveitarfélagsins. Við væntum þess að fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2012 endurspegli úrræði í þessum efnun.

GÓÐI segir:



Ég ætla að styrkja
Mæðrastyrksnefnd eins og
ég hef gert undanfarin ár.
Ég hugsa til þeirra sem
minna mega sín.

Könnun um líðan—hvað svo ?

Í þessu tölublaði Flórgoðans eru birtar helstu niðurstöður úr könnun um líðan. Stoðþjónusta skólans hefur farið yfir niðurstöður og lesið úr þeim. Könnunin gefur yfirleitt góða mynd og gefur ákveðnar vísbendingar sem unnið er úr. Þegar hefur markviss vinna farið í gang í þeim tilvikum sem úrbóta er þörf.

Flórgoðinn er fréttablað Áslandsskóla.

Útgáfa blaðsins er rafræn og tölublað má einnig finna á vefsetri skólans www.aslandsskoli.is
FORRÁÐAMENN ERU HVATTIR TIL AÐ LESA BLAÐIÐ YFIR MEÐ BÖRNUM SÍNUM.

KOMMUN UM HOAN—HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Helstu niðurstöður, 1.-3. bekkur

- 99% nemenda líður vel eða allt í lagi í frímínútum
- 97% líður vel eða allt í lagi í kennslustundum
- 86% nemenda líður vel og 14% allt í lagi í íþróttum
- 98% nemenda líður vel eða allt í lagi í sundi
- 67% nemenda líður vel í búningsklefa íþróttu, 20% allt í lagi, 14% illa
- 82% líður vel búningsklefa í sundi, 17% allt í lagi og 1% illa

Helstu niðurstöður, 4.-6. bekkur

- 81% finnst alltaf eða oft gaman í skólanum, 18% stundum
- 50% finnst frímínútur alltaf skemmtilegar, 42% finnst oft gaman, 8% finnst stundum gaman í frímínútum
- 87% líður alltaf eða oft vel í bekknum sínum, 11% stundum
- 82% segja kennarann sinn alltaf sanngjaman við krakkana í bekknum, 11% oft
- 79% segja kennarann sinn alltaf sanngjaman við sig, 13% oft
- 85% segja að kennarinn sinn myndi alltaf stöðva stríðni eða einelti
- 84% finnst alltaf rétt að hlýða kennaranum sínum, 11% oft
- 77% segjast aldrei kvíða að fara í skólann, 18% stundum,
- 63% myndu alltaf eða oft stöðva stríðni/slagsmál þegar þeir gætu

Hvar fer stríðni fram?

- 43% segja alltaf eða oft í frímínútum
- 69% segja stríðni aldrei fara fram í búningsklefa í sundi, 25% stundum
- 58% segja stríðni aldrei fara fram í búningsklefa í íþróttum, 34% stundum

Helstu niðurstöður, 7.-10. bekkur

- 81% finnst alltaf eða oft gaman í skólanum, 15% stundum
- 52% finnst frímínútur alltaf skemmtilegar, 40% finnst oft gaman
- 90% líður alltaf eða oft vel í bekknum sínum, 10% stundum
- 58% segja kennarann sinn alltaf sanngjaman við krakkana í bekknum, 33% oft
- 69% segja kennarann sinn alltaf sanngjaman við sig, 27% oft
- 87% segja að kennarinn sinn myndi alltaf stöðva stríðni eða einelti
- 72% finnst alltaf rétt að hlýða kennaranum sínum, 23% oft
- 93% segjast aldrei kvíða því að fara í skólann, 5% stundum
- 64% myndu alltaf eða oft stöðva stríðni/slagsmál þegar þeir gætu

Hvar fer stríðni fram?

- 26% segja alltaf eða oft í frímínútum
- 78% segja stríðni aldrei fara fram í búningsklefa í sundi, 21% stundum
- 76% segja stríðni aldrei fara fram í búningsklefa í íþróttum, 23% stundum



Jólamorgunir Áslandsskóla 2011

Árgangur	Litlu jól þriðjudag 20.12.2011	Stofujól þriðjudag 20.12.2011
1. bekkur	9:00-9:55	8:10-9:00
2. bekkur	8:10-9:00	9:00-10:00
3. bekkur	10:00-10:50	9:10-10:00
4. bekkur	11:00-11:50	10:00-11:00
5. bekkur	12:00-12:50	11:10-12:00
6. bekkur	16.12. með Tjarnarási	11:10-12:50
7. bekkur	Jólaball 19.12.2011 kl. 17:00-19:00	10:00-11:30
8. bekkur	Jólaball 19.12.2011 kl. 19:00-22:00	10:00-11:30
9. bekkur	Jólaball 19.12.2011 kl. 19:00-22:00	10:00-11:30
10. bekkur	Jólaball 19.12.2011 kl. 19:00-22:00	10:00-11:30

Jólamorgunstundir

Yngri deild

Fimmtudagur 15.12.2011 kl. 08:10

Miðdeild

Þriðjudagur 13.12.2011 kl. 08.10

Unglingadeild

Miðvikudagur 14.12.2011 kl. 08:10

Sameiginleg jólasöngstund

Mánudaginn 19.12.2010 kl. 08.10



Jólanafur heilsdagsskóli

Þriðjudaginn 20. desember verða jólaskemmtanir og Litlu jólin haldin hátíðleg hér í Áslandsskóla og skóladagur því skemmri en alla jafna (sveigjanlegur skóladagur).

Foreldrum yngri barna, þeim sem eiga vistun í heilsdagsskólanum, er bent á að láta verkefnisstjóra vita hvort þeir hygjist nýta sér vistun á þessum degi.

Finnlandsferð skóladagatal

Starfsfólk Áslandsskóla heldur í námsferð til Finnlands dagana 29. febrúar—5. mars 2012.

Af því tilefni hefur skóladagatal eilítið breyst að því leyti að kennslu lýkur í hádeginu miðvikudaginn 29. febrúar. Er það vegna þess að starfsfólkið fer í flug um kl. 14.00 þann dag.

Í Finnlandi heimsækjum við tvo sænsku mælandi skóla og einn finnsku mælandi, en munur hefur verið á árangri slíkra skóla. Þá hafa Finnar náð framúrskarandi árangri í PISA könnunum undanfarin misseri.

Snjókast

Skólastjóri hefur heimsótt flesta eldri bekkj skólans og rætt við nemendur um lífið í snjónum.

Eldri nemendur hafa verið að taka þá yngri fyrir og því miður hefur leikur of oft þróast út í ofbeldi.

Einnig hefur það verið ítrekað við nemendur að snjókast er einungis leyft á körfuboltavellinum við hlið skólans. Þeir sem vilja ekki í snjókast geta því leikið sér í friði annars staðar á skólalóðinni.



Kríuási 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is

aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

Hugsað til þeirra sem minna mega sín

Í tengslum við jólahald í skólum eru pakkaleikir á stofujólum gjarnan eitt atriðanna.

Við í Áslandsskóla höfum haft þann sið undanfarin sex skólaár, að hver nemandi og hver starfsmaður mæti með lokað umslag með frjálsum framlagi fimmtudaginn 15. desember.

Nemendur afhenda umsjónarkennara sitt umslag.

Þessi hugsun okkar tengist einni af hornstoðunum fjórum, þjónustu við samfélagið.

Fjármunum verður síðan safnað saman og við lok síðustu skemmtunar á sal skólans, litlu-jólum í 6. bekk þriðjudaginn 20. desember, verður sú upphæð sem til hefur safnast afhent fulltrúa Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar.

Gert er ráð fyrir því að skólastjóri afhendi fulltrúa Mæðrastyrksnefndar það sem safnast um kl. 13:15 á sal skólans.



FLÓRGÓÐINN

Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson
skólastjóri